

20. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að 100 000.00 kr. nema þyngri refsing liggji við að lögum. Með brot á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Súðavíkurhrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. maí 1975.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Dórunn Klemenzdóttir.

Nr. 225.

14. maí 1975.

REGLUGERÐ

um húsnæði vinnustaða.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 12. gr. laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, nr. 23 1. febrúar 1952, tekur til ráðstafana þeirra, sem gera skal varðandi húsnæði til verndar heilbrigði og velferð manna, er vinna í verksmiðjum, verkstæðum eða við sérhverja aðra starfsemi, sem skylt er að hafa eftirlit með samkvæmt lögum um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

2. gr.

Frankvæmd.

- Öryggismálastjóri annast eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar.
- Áður en nýtt húsnæði er tekið til notkunar fyrir starfsemi sem reglugerð þessi tekur til, ber að afla staðfestingar öryggismálastjóra á því, að það uppfylli ákvæði reglugerðar þessarar.
- Þegar leitað er staðfestingar öryggismálastjóra, skal leggja fram teikningar af húsnæðinu og vottorð um, að það fullnægi ákvæðum byggingarsamþykktar og heilbrigðisreglugerðar.
- Húsnæði, sem reglugerð þessi tekur til og í notkun er við gildistöku hennar, skal lagfært til samræmis við ákvæði reglugerðarinnar eftir því sem þörf krefur og unnt er að mati öryggismálastjóra. Skal lagfæringu lokið innan árs frá gildistöku reglugerðarinnar, en heimilt er öryggismálastjóra að framlengja þann frest, telji hann þess þörf.

II. KAFLI

Vinnurými.

3. gr.

Almennt.

Vinnurými skal skipulagt með hliðsjón af því starfi, sem þar á að framkvæma. Allar umferðarleiðir manna og véla skulu vera greiðar og afmarkaðar eftir því sem

unnt er. Sömuleiðis skal skipa efni, vörum og flutningatækjum eða öðrum færanlegum vinnuvélum á afmarkað eða aðgreint svæði, eða rými eftir því sem ástæður leyfa. Starfsmenn skulu hafa nægjanlegt athafnarými við störf sín án þess að vera á umferðarsvæðum nema eðli starfsins krefjist þess.

4. gr.

Lofthæð.

1. Í vinnurými skal ávallt vera svo hátt undir loft, að sú starfsemi, sem þar er framkvæmd geti farið fram án hindrunar eða hættu af þessum sökum. Lofthæð má aldrei vera minni en 2,5 m eftir að rýmið er fullfrágengið, þótt þar séu ekki neinar vélar eða fyrirferðarmikil áhöld. Þar sem búast má við sprengi-, eldfimum eða eitruðum lofttegundum, miklum hita, raka, ryki eða reyk má krefjast meiri lofthæðar.
2. Í rými með hallandi lofti eða gólfi er meðalhæð milli lofts og gólfs sú, sem leggja skal til grundvallar við rúmtaksreikning og hæðarmælingu milli gólfs og lofts. Hluti rýmis með minni lofthæð en 2 m er ekki talin með í rúmtaksmælingu vinnurýmis. Rými, sem er með aðra gerð loftflatar en að framan er skýrð, má reiknast leyfilegt starfsrými þar, sem hægt er að leggja lárétta eða hallandi fleti með leyfilegri meðalhæð frá gólfi.
3. Þegar um sérstaka loftgerð er að ræða, svo sem netloft, rimlaloft eða annað þess háttar, getur öryggiseftirlitið veitt undanþágu, ef ástæða er talin til þess.
4. Ef hætta telst stafa af hæðarmun gólfa eða palla, skal gera viðeigandi ráðstafanir, svo sem með handriði.

5. gr.

Loftrými.

1. Sérhver verkamaður (sbr. 2. gr. laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum nr. 23/1952) skal að jafnaði geta notið 12 m³ loftrýmis við störf sín. Lofthæð ofan við 4 m er ekki reiknuð með í rúmtakinu.
Þar, sem mikil mannaumferð er, skal taka tillit til aukins loftrýmis þess vegna.
2. Þegar loftrými er mælt, skal einungis miða við gólfflöt þar, sem lofthæð er nægileg samkvæmt 4. gr.
3. Sömuleiðis skal tekið tillit til þess rýmis, sem vélar og efni taka af rýminu. Séu skilyrði sérlega góð, getur öryggiseftirlitið veitt leyfi til að nota starfsrými, sem er minna en 12 m³ á hvern starfsmann. Loftrýmið má þó aldrei verða minna en 8 m³.

6. gr.

Gólf.

1. Gólf, sem liggja á jörðu, skulu vera rakaeinangruð.
2. Gólf, sem liggja á jörðu eða yfir óupphituðu rými, skulu vera einangruð gegn gólfkulda.
3. Gólf í vinnurými skal vera þannig, að það hæfi því starfi, sem þar er unnið, bæði með tilliti til slits, burðarþols og hreinsunar. Þar, sem vatnsrennsli er, skulu gólfín vera vatnspétt.
4. Þar, sem sterk efni eru notuð eða meðhöndluð mega þau ekki rýra burðarþol eða eyðileggja yfirborð gólfa.

5. Þar, sem unnið er með lifraenum leysiefnum, sem íkveikju- eða sprengihætta stafar af, skal rafleiðni gólfanna vera næg til að forðast neistamyndun vegna staðbundinnar rafhleðslu. Gera skal ráðstafanir til að draga úr hálfu á gólfum, þar sem þess gerist þörf.

7. gr.

Veggir og loft.

1. Einangrun lofts og veggja, þar með hljóðeinangrun, skal vera nægjanleg með hliðsjón af vinnunni, sem þar er framkvæmd.
2. Ástand þeirra og yfirborð skal vera þannig, að auðvelt sé að halda þeim hreinum eftir því sem við á.
Sérstaklega skal þó tekið tillit til vinnu, sem veldur miklu ryki eða skaðlegri mengun.

8. gr.

Lýsing.

1. Þar, sem unnið er við dagsbirtu skulu vinnurými þannig gerð, að hún nái sem best til þeirra og dreifing birtunnar sé sem jöfnust. Ljósop glugga á veggjum skal að jafnaði vera minnst 10% af gólfleti, en á þaki 7%, þar sem aðrar reglur mæla ekki öðruvísi fyrir. Hlutfall þetta skal auka, ef birtu nýtur illa vegna slæmra skilyrða, svo sem vegna mannvirkja, sem standa of nærri gluggum vinnurýmis.
2. Ef sólarljós veldur of miklum hita, birtu eða glampa, sem veldur óhagkvæmum vinnuskilyrðum, skal gera viðeigandi ráðstafanir gegn því.
3. Eftirlitið getur krafist þess, að farið sé eftir viðurkenndri stöðlun um raflýsingu, en yfirleitt skal birtan vera 100 til 1000 lux eftir eðli starfsins.
4. Birtan skal vera hæfilega dreifð og skal forðast endurskin að augum starfsmanna.

9. gr.

Hiti.

1. Vinnurými skulu vera hæfilega hlý eftir eðli verksins, sem þar fer fram.
2. Þar, sem vinna fer fram við kyrrstöðu eða kyrrsetu, má telja hæfilegan hita 18°C til 22°C. Hiti skal vera sem jafnastur um allt vinnurýmið.
3. Sé geislahitun notuð, skal tekið tillit til eðlismunar hennar og áhrifa á tilfinningu manna fyrir hitastigi miðað við aðrar hitunaraðferðir.
4. Í rými þar, sem mikil hitageislun er frá litlum afmörkuðum svæðum eða hlutum, skal fyrirbyggja, að hún sé til óþæginda eftir því sem unnt er, t. d. með hlíf, loftkælingu og/eða loftskiptum. Loftkæling eða loftskipti mega þó aldrei valda óþægilegum súg. Notkun olíu- eða gaskyntra hitunartækja er ekki leyfð nema til skamms tíma, ef ekki er komið fyrir frástreymi gastegunda frá þeim út úr húsi. Þar sem unnið er með efni eða vöru, sem ekki þolir hita, skal kæling vera inni á vinnustaðnum, en ekki látið streyma kalt loft um hann.

10. gr.

Loftræsting.

Strax, þegar húsrými fyrirtækis er hannað, skal gera ráð fyrir loftræstingu, sem þar kann að þurfa, svo að stökkum, lögnum og vélum, sem til þess þarf, verði komið fyrir á þeim stöðum, sem best hentar. Þar sem margt fólk starfar og mikill hiti eða annað veldur breytingu á andrúmslofti eða umhverfi, skal auka endurnýjun

andrúmsloftsins með vélsúgstækjum, ef opnanlegir gluggar geta ekki annað nægum loftskiptum. Loftræstingu skal hanna þannig, að ekki verði vart óþægilegs súgs eða kulda vegna loftræstingarinnar. Hávaði vegna vélrænna loftskipta skal vera svo lítil sem verða má. Innanhússtörf, sem valda óhollustu, loftmengun, eldfimri eða sprengifimri loftblöndu, skulu aðeins framkvæmd þar, sem unnt er að loftræsta þannig, að mengaða loftið sé sogað burt strax frá þeim stað, sem það myndast á án þess að það dreifist til umhverfisins. Áður en öryggiseftirlitið samþykkir loftræstibúnað, skal sannað, að hann sýni nægjanlega árangursrík afköst.

11. gr.

Hávaði.

1. Byggingar skulu þannig hannaðar, að hávaði, sem í þeim kann að myndast vegna starfsemi, berist sem minnst um bygginguna eða umhverfið.
2. Þess skal gætt, að hávaðamyndun verði ekki meiri en þörf er á. Vélar eða störf, sem valda skaðlegum hávaða, skulu einangraðar frá umhverfi sínu.

12. gr.

Kjallararými.

1. Vinnustaðir mega vera í kjöllum, ef fullnægt er kröfum þessarar reglugerðar, sbr. 3. tl. þessarar greinar, og skal sérstök áhersla lögð á rakavörn.
2. Séu kjallararými ekki með opnanlegum gluggum, skal séð fyrir svo góðri loftræstingu, að hvorki skapist raki, óloft né súgur, sem veldur óþægindum.
3. Vinnurými, sem er dýpra en 1 m undir jarðlínu, skal ekki leyft til neinnar starfsemi, nema könnun hafi sýnt, að það sé fullnægjandi.
4. Meðferð hættulegra efna, svo sem lífrænna leysiefna eða efna, sem eldhætta stafar af, er bönnuð í kjallararými. Sama gildir um vinnustaði, sem valda vatnsgufu eða öðrum eim. Eimkatla með margfeldi heildarrúmtaks í m³ og yfirþrýstings í kp/cm², sem er meira en 8, heitavatnskatla eða geyma með 120°C heitum legi (t. d. vatni), má ekki nota í kjöllum, sem unnið er í og dýpri eru en 1 m undir jarðlínu.

III. KAFLI

Starfsmannarými.

13. gr.

Starfsmannarými er notað í reglugerð þessari sem samheiti fyrir:

- A. Búningsherbergi og fatahengi.
- B. Snýrtiherbergi, salerni og þvagstæði.
- C. Matsali og kaffistofur.
- D. Þvotta- og baðklefa.

A. Búningsherbergi og fatahengi.

14. gr.

Almennt.

1. Búningsherbergi skulu vera á hagkvæmum stað með hliðsjón af vinnustað, þvotta- og baðklefum.

2. Búningsherbergi mega vera í kjallara, ef hann er þurr, rakalaus, vel einangraður, enda fullnægi búningsherbergin að öðru leyti ákvæðum þessa kafla.
3. Nái starfsemin yfir mikið flatarsvæði eða sé í tveimur eða fleiri húsum, skal búningsherbergjum, snyrtiherbergjum og matsölum komið fyrir sem næst miðsvæðis, nema hvert hús eða álma hafi sér starfsmannarými.
4. Þar sem karlar og konur starfa, skulu búningsherbergi þannig gerð og þannig komið fyrir, að ekki valdi óþægindum, t. d. við fataskipti.
5. Þar, sem vinnufatnaður óhreinkast verulega vegna vinnunnar, skal vera hægt að hengja göngufatnað í eitt hengi og vinnufatnað í annað aðgreint hengi. Vot vinnuföt skal vera hægt að þurrka þar eða nálægt. Allt starfsmannarými skal vel og reglulega hreinsað.

15. gr.

Gólfplatarmál.

Í búningsherbergi skal fyrir hvern mann vera minnst 0.6 m² gólfplötur að meðtöldum fleti fyrir 1 skáp.

Lofthæð skal minnst vera 2.5 m.

16. gr.

Gerð gólfa.

1. Gólf, sem liggja á jörð eða eru yfir óupphituðu rými, skulu einangruð nægjanlega gegn kulda og raka.
2. Gólfunum skal vera auðvelt að halda hreinum og skal séð fyrir því eftir fongum, að þau verði ekki of hál, einkum ef þar er komið fyrir þvottaskálum eða öðrum búnaði, sem bleyta getur stafað frá, enda skal þá vera niðurfali og hæfilegur vatnshalli á gólfinu til niðurfallsins.

17. gr.

Veggir og loft.

Veggir og loft skulu vera nægjanlega einangruð gegn kulda, raka og hávaða eftir því, sem við getur átt og unnt er. Veggir og loft skulu vera þannig, að auðvelt sé að halda þeim hreinum og í góðu ástandi.

18. gr.

Lýsing, hitun og loftræsting.

1. Æskilegt er, að dagsbirtu njóti sem mest í búningsherbergjum og þar skal vera fullnægjandi raflýsing.
2. Búningsherbergi skal vera hitað (stofuhiti) og loftræst á fullnægjandi hátt.

19. gr.

Innrétting.

1. Við alla skipan innanstokks skal þess gætt að auðveld séu þrif og viðhald búningsherbergis og hluta, sem þar kunna að vera.
2. Í búningsherbergi skal vera 1 klæðaskápur fyrir hvern starfsmann. Fjarlægðin milli andstæðra skápa og skápa og andstæðra handlauga skal minnst vera 1.2 m, en fjarlægð milli skápa og andstæðs veggjar skal minnst vera 1 m. Fjarlægðir þessar skulu hvor um sig lengjast í 1.5 og 1.2 m, ef skápar eða handlaugar eru fleiri en 20 í röð. Gera má meiri kröfur um fjarlægðir þessar, ef vinna er óþrifaleg.
3. Í sérstökum tilvikum er heimilt að viðurkenna fatahengi í stað skápa.

4. Við starfsemi, sem krefst aðgreiningar á göngufatnaði og vinnufötum, er þeirri kröfu fullnægt með því, t. d. að í búningsherbergjum séu 2 skápar fyrir hvern starfsmann, (einn fyrir göngufatnað og annar fyrir vinnuföt) eða að búningsherbergið sé með 1 skáp fyrir hvern starfsmann (til geymslu göngufata) ásamt sameiginlegu fatahengi fyrir vinnufatnað eða með því að tvískipta búningsherberginu þannig, að annars vegar séu gönguföt og hins vegar vinnuföt.

20. gr.

Gerð og búnaður.

1. Skápar skulu gerðir úr hentugu efni, sem gott er að þrifa. Þeir skulu vera með loftræstiopum að ofan og neðan og með hillu. Stærð skápanna skal minnst vera 50x30 cm að þverflatarmáli. Fjarlægð milli hillu og botns skal vera minnst 150 cm, en milli hillu og lofts minnst 20 cm að framan en loftið sé helst með ca. 20—30° halla upp að bakhlið frá framhlið skáps, ef hann nær ekki til lofts í herbergi. Skáparnir skulu vera læsanlegir.
2. Í fatahengjum með stöng fyrir herðatré skal minnst vera 30 cm lengd stangar aðgreind fyrir hvern starfsmann.
3. Við störf, sem aðeins er þörf fyrir að hengja yfirhafnir í fatahengi, þarf stangarlengd ekki að vera meiri en 20 cm fyrir hvern starfsmann.
4. Í búningsherbergjum skal að jafnaði vera bekkur eða bekkir, speglar, öskubakkar og ruslatrog eða fata.

B. Snyrtiherbergi, salerni og þvagstæði.

21. gr.

Almennt.

1. Greiður aðgangur skal vera að salerni og snyrtingu, þó ekki svo, að í beinu sambandi sé við vinnurými eða matsal.
2. Salerni má leyfa án vatnsskolunar, þegar torvelt er að ná til vatns, enda miðast það við bráðabirgðaástand, og sé vel frá öllu gengið.

22. gr.

Salernafjöldi.

1. Þar, sem að venju starfa ekki færri en 5 karlar og 5 konur, skulu salerni og snyrting fyrir hvort kyn aðgreind.
2. Að jafnaði skal vera minnst 1 salerni fyrir allt að 15 manns, en miða skal þó við eftirfarandi meginreglur um salerni og þvagstæði.

Án þvagstæða.

Fjöldi starfsfólks
Karlar eða konur

1—15
16—30
31—50
51—75
76—100

Fjöldi salerna.

1
2
3
4
5

Síðan 1 salerni fyrir hverja 25 starfsmenn til viðbótar.

Með þvagstæðum.

Fjöldi starfsfólks	Fjöldi salerna	Fjöldi þvagstæða
Karlar		
1—15	1	0
16—20	1	1
21—30	2	1
31—45	2	2
46—60	3	2
61—75	3	3
76—90	4	3
91—100	4	4

Fyrir allt að 25 manna starfshóp þar fram yfir kemur minnst 1 salerni, fyrir næsta 25 manna starfshóp 1 þvagstæði og svo frv.

Fjöldi handlauga skal vera í samræmi við fjölda salerna og þvagstæða.

23. gr.**Gólfflötur og lofthæð.**

1. Gólfflötur salernisklefa skal vera minnst 1.2 m².
2. Meðallofthæð skal vera 2.2 m hið minnsta.
3. Minnsta lofthæð yfir miðri skál salernis má vera 1.6 m, ef loft er hallandi.

24. gr.**Gólf.**

Gólf má ekki vera hált. Það skal vera vatnshelt og auðvelt að þrifa. Sama máli gegnir um gólf og veggj við þvagskálar og handlaugar.

25. gr.**Veggir og loft.**

1. Veggir milli salerna og aðliggjandi vinnustaða eða matstofu skulu vera nægjanlega einangraðir.
2. Veggir milli salerna og forrýmis skulu vera heilir niður á gólf, þó má vera bil milli hurðar og gólfs vegna loftræstingar. Veggir, sem ekki ná niður til gólfs eða upp til lofts mega vera innbyrðis milli salerna, sem eru fyrir hvort kyn.
3. Veggj og loft skal vera auðvelt að þrifa og halda við.

26. gr.**Lýsing, hitun og loftræsting.**

1. Æskilegt er, að dagsbirtu njóti og raflýsing skal vera góð.
2. Hitun skal vera við hæfi, bæði vetur og sumar.
3. Salerni skal loftræsta á vélrænan hátt, ef loftræsting verður á annan hátt of hæg. Almennt skal gera ráð fyrir 0.2 m² opnanlegum glugga í útvegg.
4. Í forrými framan við salerni skal og vera sérstök loftræsting.

27. gr.**Búnaður.**

1. Salernispappír skal vera á þar til gerðum haldara.
2. Þvottaskál og sápa skulu vera annað hvort í salernisklefa eða í forrými. Þar skulu vera handþurrkur, helst úr pappír, í þurrkustæði, eða dúkur, sem vel er við haldið.

C. Þvotta- og baðklefar.**28. gr.****Almennt.**

Um þvottaskálar og fyrirkomulag þeirra vísast til kafla um búningsherbergi að svo miklu leyti, sem þörf er fyrir þvottaskálar og böð.

29. gr.**Fjöldi þvottaskála og steypibaða.**

1. Að venju skal vera 1 þvottaskál fyrir hverja 5 starfsmenn.
2. Sé vinna óþrifaleg eða valdi verulegri óhreinun eða óhollustu, skal vera 1 þvottaskál fyrir hvern starfsmann.
3. Við störf, sem ekki valda óhreinindum, skal hafa minnst 1 þvottaskál fyrir hverja 10 starfsmenn.
4. Þvottaskálar, sem komið er fyrir á salerni eða í lokuðu forrými að þeim, reiknast ekki með tölu þvottaskála fyrir þvotta- og baðklefa.
5. Þar, sem menn þurfa steypiböð vegna óhreininda eða svita, er þeir verða fyrir við störf sín, skulu vera minnst 2 steypiböð fyrir hverja 10 menn.

30. gr.**Gólf, veggir og loft.**

1. Stærð gólfplatnar skal vera í samræmi við ákvörðun í 32. gr. um innréttingu og búnað.
2. Lofthæð skal minnst vera 2,5 m og um hallandi loft skal farið eftir ákvæðum í 35. gr. um kaffi- og matstofur.
3. Gólf, veggir og loft skulu að öðru leyti vera samkvæmt ákvæðum III. kafla A, um búningsherbergi.

31. gr.**Lýsing, hitun og loftræsting.**

1. Dagsbirta er æskileg, en er ekki krafist.
2. Raflýsing skal vera góð og jöfn.
3. Hitun skal vera þannig, að ekki valdi almennt óþægindum.
4. Loftræsting skal vera um glugga eða með vélbúnaði, sem ekki veldur teljandi hávaða eða óþægilegum súg.
5. Allur rafbúnaður skal fara eftir ákvæðum um rafbúnað á stöðum, þar sem gufa og vatnsagi er.

32. gr.**Innrétting og búnaður.**

1. Sérhvert þvottastæði við þvottaskál skal vera minnst 60 cm á breidd. Fjarlægð milli andstæðra þvottaskála og fjarlægð þvottaskála og andstæðs veggjar skal vera í samræmi við ákvörðun í III. kafla A, um búningsherbergi.
2. Við þvottaskálar skal tengt heitt og kalt vatn með lokuðu frárennsli frá skál til niðurfalls.
3. Innangengt skal vera milli baðs og búningsherbergis.
4. Í baðklefa skal vera niðurfall, en gólfhali eða gerð gólfs ekki þannig, að hætta sé á, að menn renni eða detti af þeim sökum.

5. Framan við steypliböð skal vera fatahengi. Hita baðvatnsins skal vera hægt að stilla hverjum til hæfis.
6. Í þvotta- og baðklefum skal vera spegill, snagi, sápa, sápuskál og öskubakkar, séu reykingar leyfðar.

33. gr.

Kjallararými.

Kjallararými má nota til þvotta- og baðklefa, enda fullnægi það að öðru leyti skilyrðum, sem sett eru um ofanjarðarrými til sömu nota.

D. Kaffi- eða matstofur.

34. gr.

Almennt.

Í matstofu skal verkamaður bæði geta matast og hvílst frá vinnu sinni. Matstofa skal því bæði vera björt, þægilega skipulögð og bjóða góðan þokka, bæði að litavali, þrifum og þægindum. Þvottaskálar skulu vera á aðgengilegum stað framan við matstofu. Sé langt á milli vinnurýmis og matstofu, skal fatahengi komið fyrir framan hana, svo og salerni, samanber ákvæði um snyrtiherbergi.

35. gr.

Gólfflatarmál, lofthæð.

Lágmark gólfflatarmáls skal vera 1,2 m² fyrir hvern mann. Hæð undir loft sé minnst 2,5 m. Sé loftið hallandi má ekki reikna með þeim gólfleti, sem lægra er frá til lofts en 2,2 m.

36. gr.

Gerð gólfa, veggja og lofta.

Gólf, loft og veggir skulu gerð úr efni, sem auðvelt er að þrifa. Þau skulu vera einangruð þar, sem þess gerist þörf.

37. gr.

Lýsing, hitun og loftræsting.

1. Lýsing og hitun skal vera sú sama og við kyrrsetustörf og jafnframt þannig, að meirihluta starfsfólksins finnist hún sem þægilegust.
2. Opnanlegir gluggar skulu að jafnaði vera $\frac{1}{4}$ alls flatarmáls glugganna. Sé loftræsting of lítil um þá glugga, sem fyrir eru, skal loftræsta fullnægjandi á annan hátt án óþæginda fyrir þá, sem í matstofu dvelja.

38. gr.

Búnaður.

1. Borð skulu vera hæfilega há og nægjanlega mörg svo allir, geti samtímis matast þvingunarlaust. Sæti ber að hafa af rétttri hæð og með góðum bakstuðningi.
2. Alla hluti innanstokks skal vera auðvelt að þrifa. Þeir skulu vera áferðar-sléttir og ekki með raufum.
3. Eldhús og búnaður þess skal vera aðgengilegt, en þó aðgreint frá matsal þar, sem því verður við komið. Öll skilyrði til að hreinsa matarílát og borðbúnað skulu vera fullnægjandi miðað við viðurkennda og eðlilega heilbrigðishætti.

39. gr.
Kjallararými.

Sé kjallararými notað fyrir matstofur, skulu gerðar sömu kröfur til þess og gert er til starfsrýmis ofanjarðar.

IV. KAFLI
Útgönguleiðir.

40. gr.

1. Sérhver innanhússvinnustaður skal vera þannig gerður, að frá honum verði komist á greiðan hátt, ef eld, jarðskjálfta eða annan voða ber að höndum.
2. Með innanhússvinnustað er hér átt við allar vistarverur starfsfólks, **ganga**, svalir og stiga, sem eru í tengslum við vinnustaðinn, auk vinnustaðarins sjálfs.
3. Allir gangar, stigar, forrými og önnur rými, sem nota má til útgöngu, skulu ávallt vera greiðfar og hindrunarlaus og jafnframt vel merkt. Farið skal eftir löglegri lágmarksbreidd og hæð sbr. byggingarsamþykkt fyrir skipulagsskylda staði. Þar, sem margt fólk starfar, skal það jafnan haft í huga, að allir geti komist út á sem skemmstum tíma, ef þörf krefur. Þeir, sem starfa tímabundið við þrönga eða erfiða vinnuáðstöðu, t. d. í geymi eða kjallararými með ógreiðfærri uppgönguleið, skulu ávallt njóta gæslu annarra starfsmanna og hjálpargagna eða tækja, eftir því, sem við getur átt til að greiða fyrir upp- eða útgöngu þaðan.

V. KAFLI
Viðurlög.

41. gr.

Brot gegn reglugerð þessarri varða sektum samkvæmt ákvæðum laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum nr. 23/1952, sbr. lög nr. 52/1955.

42. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessarri skal fara að hætti opinberra mála.

VI. KAFLI
Gildistaka.

43. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 14. maí 1975.

Ólafur Jóhannesson.

Jón Thors.